

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Seyðisfirði Seyðisfjörður



Dags eftirlits	4.9.2015	Fulltrúi UST	Leifur Þorkelsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Seyðisfirði	Fulltrúi UST	
Heimili		Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjolsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	733858,42 539323,093

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Verksmiðjan starfar skv. starfsleyfi sem útgefið var þann 29. október 2014. Brugðist hefur verið við fráviki sem fram kom í eftirliti ársins 2014 og varðaði magn mengandi efna í frárennsli.

Þrjú ný frávik komu fram í eftirlitsferðinni. Tilkynna þarf þegar unnið er úr hráefni með TVN gildi yfir viðmiðunarmörkum, ryk í útblæstri frá olíubrennurum mældist yfir starfsleyfismörkum og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2014 hefur ekki verið skilað. Í máli verksmiðjustjóra kom fram að verksmiðjan telur sig vera búna að standa skil á þeim þáttum sem fram eiga að koma í útstreymisbókhaldi og eiga við í rekstri sem þessum, með skilum á grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Á fundi með fulltrúa fyrirtækisins var farið yfir í síðustu eftirlitsskýrslu sem gerð var í kjölfar eftirlitsferðar þann 15. október 2014. Í þeirri skýrslu kom fram eitt frávik. Magn mengandi efna (fitu og svifagna) í fráveituvatni mældist yfir viðmiðunarmörkum. Einnig var gerð athugasemd við framkvæmd sýnatökunnar þar sem hún fór ekki fram þegar hefðbundin vinnsla var í gangi. Sýni var tekið af fráveituvatni á nýjan leik á loðnuvertíð í febrúar sl. og þá mældust mengandi efni í frárennsli innan viðmiðunarmarkna.

Tvær kvartanir hafa borist vegna starfseminnar það sem af er ári, önnur í maí og hin í júní. Í báðum tilfellum var um að ræða kvörtun vegna lyktarmengunar. Í seinna tilvikinu kom í ljós að verksmiðjan var að vinna úr lélegum kolmunnafarmi, TVN var yfir starfsleyfismörkum og farist hafði fyrir að láta eftirlitsaðila vita.

Eitt mengunaróhapp varð í verksmiðjunni í sumar þegar mannleg mistök urðu til þess að svartolía fór í niðurföll inni verksmiðjunni, megnið af olíunni fór í olíuskilju og var fjarlægð úr henni en eitthvað endaði í sjónum við verksmiðjuna í kjölfar mikillar rigningar. Brugðist var við í samræmi við viðbragðsáætlun verksmiðjunnar. Flotgirðing var sett umhverfis olíuna og hún fleytt ofan af sjónum og felld með felliefnum. Í kjölfar óhappsins voru gerðar breytingar á tækjabúnaði verksmiðjunnar til að fyrirbyggja sambærileg óhöpp

Vinnsla hófst í verksmiðjunni í lok janúar eftir 6 mánaða stopp og og var gagnsetning tilkynnt til eftirlitsaðila. Unnið hefur verið úr 74.000 tonnum af hráefni á árinu en ekkert hráefni hefur borist til verksmiðjunnar og þar af leiðandi engin vinnsla í gangi síðan um miðjan júní. Ekki er útlit fyrir að vinnsla hefjist á ný fyrr en á loðnuvertíð í upphafi nýs árs.

Fram kom að vinna við frágang á botnlagi í lekavarnarþró hefur tafist vegna bleytutíðar í sumar. Framkvæmdir voru að hefjast og gert ráð fyrir að þeim ljúki á nokkrum dögum.

Farið var yfir starfsleyfi sem var gefið út þann 29. október 2014

Áætlun um frágang vegna rekstarstöðvunar er til staðar í samræmi við grein 1.5 og tekur hún bæði til tímabundinnar og endanlegrar stöðvunar

Tilkynnt hefur verið um TVN yfir viðmiðunarmörkum í einhverjum tilfellum en ekki öllum. Skv. niðurstöðum TVN mælinga frá verksmiðjunni mældist TVN yfir viðmiðunarmörkum þrívægis á tímabilinu janúar – apríl en aðeins eitt tilfelli var tilkynnt til eftirlitsaðila.

Ryk í útblæstri olíubrennara var mælt í júní sl. í samræmi við ákvæði í grein 3.2. Niðurstöður mælinganna koma fram í skýrslu frá verkfræðistofunni Verkís sem skilað var þann 11. ágúst sl. Samhliða skýrslunni sendi fyrirtækið inn greinargerð þar sem sjónarmiðum þess varðandi framkvæmd og niðurstöður

mælinganna er komið á framfæri. Ryk í útblæstri beggja olíukatlanna á Seyðisfirði er yfir þeim mörkum sem tiltekin eru í grein 2.9

Grænu bókhaldi vegna ársins 2014 hefur verið skilað í samræmi við grein 3.3. Skv. sömu grein á fyrirtækið einnig að skila útstreymisbókhaldi en því hefur ekki verið skilað. Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2014 átti að skila inn í síðasta lagi 1. maí 2015

Verksmiðjan starfar eftir eigin umhverfisstjórnunarkerfi og hefur sett fram umhverfistefnu vísað er til hennar varðandi ákvæði í grein 4.1 um umhverfismarkmið

Til staðar er áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar í samræmi við grein 4.4. og viðbrögð við mengunaróhappi sem varð í sumar voru í samræmi við viðbragðsáætlun og jafnframt í samræmi grein 4.5

Að lokum var gengið um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Verksmiðjan sjálf var snyrtileg og gólf í verksmiðju og löndunarhúsi voru þurr og hrein. Hreinsun á olíu sem fór í sjóinn við verksmiðjuna í sumar er að mestu lokið og flotgirðing hefur verið tekin upp og unnið var að hreinsun á henni. Enn mátti sjá ummerki um olíu í grjóttgarði við verksmiðjuna en engin brák var á sjónum.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 2.9 í starfsleyfi	Tilkynna þarf um vinnslu á hráefni þar sem TVN mælist yfir þeim mörkum sem tiltekin eru í grein 2.2.

Grein 2.9 í starfsleyfi

Ryk í útblæstri frá olíubrennurum er yfir mörkum

Grein 3.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi hefur ekki verið skilað vegna ársins 2014

ATHUGASEMDIR

Fram kom að ferskleiki hráefnis sem berst til vinnslunnar er breytilegur á milli skipa. Þannig virðist hátt TVN gildi í hráefni vera bundið við einstök skip. Mikilvægt er að farið verði yfir verklag varðandi meðferð hráefnis í þeim skipum sem um ræðir.

ANNAÐ

Minnt er á að fyrir árslok 2015 þarf að mæla hraða útblásturslofts frá skorsteini og hávaða frá verksmiðjunni. Þar sem útlit er fyrir vinnsla hefjist ekki fyrr en á nýju ári er mikilvægt að gera ráðstafanir til þess að þessar mælingar verði framkvæmdar fljótlega eftir að vinnsla hefst á ný

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.